

Alþingi
Erindi nr. P 131/889
komudagur 28.2.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. febrúar 2005

UNIFEM á Íslandi
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Íceland

131. löggjafarþing 2004-2005
Þskj. 48. – 48. mál
Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir o.fl.

Sími: +354 552 6200
Fax: +354 552 6010
netfang: unifem@unifem.is
vefur: www.unifem.is

Umsögn UNIFEM á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga.

UNIFEM á Íslandi hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002.


Í greinargerð frumvarpsins segir að frumvarpinu sé fyrst og fremst ætlað að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar, fyrst og fremst konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara.

Í d) mgr. 124. gr. Þeking áætlunar Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna segir m.a.: „Stjórnvöld skulu beita sér fyrir setningu laga sem kveði á um útrýmingu ofbeldis gegn konum, framfylgja lögnum og endurskoða þau reglulega auk þess að gera á þeim úttekt til þess að tryggja að þau hafi tilætluð áhrif. [...]Ennfremur skal grípa til aðgerða til að tryggja vernd þeirra kvenna sem sæta ofbeldi, tryggja þeim aðgang að sanngjörnum og skilvirkum úrræðum, meðal annars rétt til skaðabóta auk aðhlyningar [...]”

Að mati UNIFEM á Íslandi yrðu ofangreind viðbót við 15. gr. laga um útlendinga til þess að tryggja vernd þeirra erlendu kvenna sem verða fyrir ofbeldi af hálfu maka síns og tryggja þeim sanngjörn og skilvirk úrræði.

Um árabíl hefur UNIFEM, þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, unnið að afnámi ofbeldis gegn konum og að eflingu efnahagslegra og félagslegra réttinda kvenna. UNIFEM á Íslandi gerir því ekki athugasemd við frumvarpið heldur fagnar því og hvetur Alþingi til að samþykkja það.

Umsögn samþykkt af stjórn UNIFEM á Íslandi í febrúar 2005.

Virðingarfyllst,


Birna Þórarinsdóttir
Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi

UNIFEM á Íslandi
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Íceland

Sími: +354 552 6200
Fax: +354 552 6010
netfang: unifem@unifem.is
vefur: www.unifem.is